Vegna: Máls nr. 1297/2024, Vallargerði 34 (Kynning Breytinga)

Athugasemd:

Stjórnin f.h. Blástjarnan ehf kt. 460213-0610 sem er skráður eigandi að Vallargerði 32, mótmælir hér með fyrirhuguðum framkvæmdum varðandi nýjar svalir á núverandi bílskúrsþaki ásamt fallvörnum. Stjórnin telur að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að kasta rýrð á húsnæðið ásamt verulegu ónæði sem komi til með að hljótast af fyrirhugaðri framkvæmd. Nánar tiltekið snúa umræddar nýjar svalir beint út að lóðamörkum og með útsýni yfir Vallargerði 32, sem skapar verulegt ónæði til framtíðar séð gagnvart íbúum í Vallargerði 32, enda um að ræða nýjar rúmlega 54 m2 útsýnissvalir sem eru í beinni sjónlínu inn á lóðina í Vallargerði 32. Ljóst er að nái þessi framkvæmd fram að ganga mun hún valda miklum ágangi inná einkalóð Vallargerðis 32, þar sem íbúar þar geta ekki lengur verið í friði og spekt, ef svo má að orði komast,á sinni lóð eins og þeir hafa gert í fortíðinni um áratuga skeið sökum þess að búið væri að setja upp risa útsýnissvalir sem talið er að gætu rúmað hátt í eitthundrað manns, sem góna hreinlega beint niður í lóðina í Vallargerði 32.

Við frekari skoðun á vettvangi virðist sem eigandi Vallargerðis 34, hafi nýlega sett svalahurð út á núverandi bílskúrsþak í stað glugga sem hafði verið þar síðustu áratugi og sneri út á bílskúrsþakið. Stjórn Blástjörnunnar telur að það hafi verið ólögleg framkvæmd og mótmælir henni hér með ásamt því að krefjast þess að svalahurðin verði fjarlægð og settur gluggi í staðinn og gengið frá málum í upprunarlegt horf.

Til áréttingar þá er ekki gerð athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd varðandi stækkun stofu út á núverandi svalir.

Höfundur: María Lilja Harðardóttir[redacted]

Sent inn þann: 30.11.2024

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026